



Flóttabörn á Íslandi

Rannsókn á viðhorfum og reynslu flóttabarna

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi MA
Helena N. Wolimbwa, félagsráðgjafi MA



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD



Markmið og tilgangur

- ▶ Markmið rannsóknarinnar:
 - að kanna félagslega stöðu og líðan flóttabarna á Íslandi
 - Að leitast við að auka þekkingu á þörfum flóttabarna í aðlögun að íslensku samfélagi
- ▶ Áhersla að fá fram viðhorf og reynslu flóttabarnanna sjálfra
- ▶ Ábyrgðaraðili rannsóknarinnar er Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd
- ▶ Rannsóknin hlaut tvöenna styrki frá Barnavinafélaginu Sumargjöf



Hugtök og skilgreiningar

▶ Flóttamaður

- Skv. skilgreiningu Flóttamannastofnunnar Sameinuðu þjóðanna telst sá flóttamaður “sem er utan við heimaland sitt og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sértsökum félagflokkum eða stjórnámálaskoðana, og getur ekki eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands”

▶ Kvótaflóttafólk eru flóttamenn sem hafa fengið viðurkenningu á stöðu sinni sem flóttamenn og hefur verið boðin landvist í öðru ríki sem hluti af ákveðnum hópi flóttamanna

▶ Hælisleitendur eru þeir sem koma til ríkis á eigin vegum og sækja formlega um hæli af mannúðar- eða pólitískum ástæðum og leitast við að fá stöðu sína viðurkennda sem flóttamenn





Hugtök og skilgreiningar

- Í lok árs 2009 voru 34,4 milljónir flóttamenn á vegum Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna
- U.p.b. helmingur eru konur og börn



Flóttafólk á Íslandi

- Ísland hefur tekið á móti 510 flóttamönnum á tímabilinu 1956-2008, frá alls átta ríkjum.
 - Fjöldi flóttabarna hafa komið til Íslands
- Af þeim x flóttamönnum sem hafa komið til Íslands frá árinu 2005 eru x þeirra börn
- Alls hafa 11 sveitarfélög komið að móttöku flóttafólksins frá árinu 1996 og veitt flóttafólkinu móttökuaðstoð í nánú samstarfi við RKÍ og Félags-og tryggingarmálaráðuneytið
- Lítið um rannsóknir á flóttabörnum á Íslandi



Framkvæmd rannsóknarinnar

- Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við eigindlegar rannsóknaraðferðir
- Þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (e. purposive sampling)
- Tekin voru viðtöl við 14 flóttabörn, 6 drengir og 8 stúlkur, á aldrinum 10-18 ára frá fjórum mismunandi upprunalöndum
- Rannsóknin var framkvæmd vorið og sumarið 2010 og lauk haustið 2010



Niðurstöður

- Við greiningu viðtalanna voru greind fjögur meginþemu:
 - Nýja landið
 - Skólinn
 - Fjölskylda og félagsleg þátttaka
 - Framtíðin

Nýja landið

- Erfitt fyrsta árið – miklar breygingar
- *“Mér finnst að kannski þá þurfti ég að byrja aftur uppá nýtt...ég átti mína vini í X, þar átti ég vini, ég átti allt....svo þurfti ég að byrja allt uppá nýtt, kynnast öðru fólki.”*
- Erfiðast að læra tungumálið, sú upplifun að geta ekki tjáð sig hafði að mati flestra viðmælendanna haft neikvæð áhrif á líðan þeirra í skólanum eftir komu til landsins
- Tungumálið mikilvægasti þátturinn í aðlögunarferlinu að mati barnanna
- Skipulag skólagöngu á móttökuári virðist ekki vera sá þáttur sem helst móti upplifun á aðlögun...það eru frekar viðhorfin innan skólans



Nýja landið

- Misjafnt meðal barna hvernig þeim fannst jafnaldra þeirra taka á móti þeim í skólanum
- Ein lýsti jákvæðri reynslu:
- *“Ég var bara mjög sátt með allt...þetta var miklu meira en ég bjóst við...bara miklu betra og ég bjóst ekki við svona góðum krökkum í skólanum og eitthvað svona...ég var mjög hrædd við að byrja í skóla...og svo bara hjálpuðu allir foreldrum og mér og svona...og við fengum bara mjög fína íbúð og allt var í heinni og ég bjóst við að krakkarnir myndu stríða mér eitthvað...en það gerðist ekki.”*
- Börnin ánægð með móttöku skóla og þann námslega og félagslega stuðning sem þau fengu frá kennurum sínum og öðru starfsfólki
- Stuðningur við fjölskyldurnar fyrsta árið, félagsþjónusta og stuðningsfjölskyldur RKÍ



Skólinn

- Mismunandi löng skólagönga fyrir komu til Íslands
- Almenn ánægja með íslenskukennslu, kennara og skólana
- *“Kennararnir eru bara mjög skilningsríkir og bara...æðislegir...ég er bara mjög heppin.”*
- Almennt finnst börnunum þau tala og skilja íslenskuna ágætlega
- Helst erfiðleikar þegar kemur að náminu..eldri börnin
- Heimanám erfitt
- Foreldrar áhugasamir um nám barnanna en lítil þáttaka umfram skyldnubundna foreldrafundi



Skólinn

- Öll börnin þóttu mikilvægt að viðhalda móðurmáli sínu
- Viðmælendur misjafnlega sterkir félagslega í skólanum
 - Sú upplifun að vera utan hópsins enn fremur sterk meðal sumra barnanna.
- *“Fyrst leið mér illa sko...mjög illa...núna hefur það aðeins breyst...meiri skóli og maður þekkir meira og svona...þannig að þetta er svona...svólítið betra.”*
- *“krakkarnir voru svona eins og þú veist, meira svona með hinum þú veist, bara Íslendingar saman og þau voru ekki að opna sig svo mikið...þú veist við útlendingana”*
- *“En hér hjá sumum krökkum þú veist, þá hef ég séð að það eru...þú veist...þau segja til dæmis, já hann er útlendingur og ég ætla ekki að vera með honum...og gera alltaf grín og þannig.”*



Skólinn

- Flest upplifað stríðni vegna uppruna og/eða færní í íslensku en misjafnt hvort þau töldu stríðnina hafa haft áhrif á líðan sína
- *“Þetta var bara alltaf svona að gera grín...þú veist, bara hvað ég væri brún, bara ekkert svona orð fyrir því bara og hvað ég væri í ljótum fötum og eitthvað og hvað nestið mitt var öðruvísi en þeirra, en ég meina, ég gat ekki allt í einu verið með alveg eins nesti og föt.”*
- Börnin leituðu ekki til kennara eða foreldra



Fjölskyldan og félagsleg þátttaka.

- Fjölskyldugerð mismunandi
- Góð tengsl á milli barna og foreldra
- Samvera með foreldrum og systkinum
- Misjafnlega sterk tengsl við heimalandið
- Flestir eiga vini og aðallega vini af erlendum uppruna
- Minni möguleikar á félagslífi utan skóla en í heimalandi.
- *“Það er meira félagslíf þar sem ég bjó....miklu meira og fólk reynir að tala við mann og þannig...það er kannski bara tungumálið”*
- Lítil þátttaka í Íþróttum og tómstundastarfi



Fjölskyldan og félagsleg þátttaka

- Öll börnin nema eitt túlka daglega fyrir foreldra sína.
 - m.a. við innkaup, samskipti við stofnanir, símtöl og læknisheimsóknir
- *“Já líka bara stundum er ég búin að plana að gera eitthvað með vinum mínum eða þú veist þannig og svo kemur mamma eitthvað...ég þarf að fara á fund og þú þarft að koma með mér og þá verð ég bara að fara með henni*
- Túlkun fyrir foreldra skylda barnanna að sögn viðmælenda.
- Helsta ósk viðmælenda að foreldrar þeirra myndu læra íslensku
- Erfitt að túlka þegar efni samtalanna væri viðkvæmt eða erfitt fyrir foreldrana.



Framtíðin

- Ísland ekki framtíðarlandið hjá flestum
- Örfá sáu þó fyrir sér Ísland sem framtíðarland
- *“Mér finnst bara mjög fínt að búa á Íslandi, mér finnst æðislegt og ég bara elska það og myndi náttúrulega ekki vilja flytja”*
- Þeir viðmælendur sem sáu fyrir sér framtíð á Íslandi yfirleitt vel staddir námslega og félagslega.
- *“Ég myndi aldrei flytja aftur og ég bara er mjög ánægð að hafa komið hingað og kynnst öllu því frábæra fólki sem ég þekki núna....og bara...þetta er himneskt”*
- Menntun lykill að framtíðinni þótt framtíðin liggi annars staðar



Framtíðin

- Flest skilgreina sig sem frá sínu heimalandi, örfáir sem blanda af eigin uppruna og Íslendingi og aðrir sem blöndu af hvoru tveggja
- *“Þau koma fram öðruvísi við mig en aðra krakka, en ég reyni að taka það ekki inná mig...ég verð aldrei X í augum þeirra, ef ég myndi flytja aftur tilbaka, heim ...og ég verð aldrei íslensk í augum þeirra þú veist, hvort sem ég bý hérna í 100 ár eða 200 ár.”*
- Misjafnt hvort börnin upplifðu hvort þau nyttu jafnrar virðingar á við íslensk börn



Umræður

- Bókstafleg færni í tungumálinu, viðhorf annarra til uppruna þeirra og til færni í íslensku eru sá þættir sem skipta flóttabörn mestu máli í aðlögun að nýju samfélagi
- Þessir þættir hafa áhrif á upplifun náms, tengslamyndun og viðhorf til framtíðarinnar
- Móðurmál, færni í íslensku og viðhorf annarra – mótandi þættir á sjálfsmynd flóttabarna



Umræður

- Veik tengsl foreldra við skóla og nærsamfélagið
 - Túlkaábyrgð barnanna
 - Dræm þáttaka í skólastarfi
 - Lítil þáttaka barna í félags og tómstundastarfi
- Þörf á frekari rannsóknum á aðlögunarreynslu flóttabarna og innflytjendabarna og þá með áherslu á að taka þátt samfélagsviðhorfa inn í